

# Ársskýrsla 2013



# Grundvallarhugsjónir Rauða krossins og Rauða hálfmánans

**MANNÚÐ** Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða. **ÓHLUTDRÆGNI** Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir. **HLUTLEYSI** Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórnmála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði. **SJÁLFSTÆÐI** Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar. **SJÁLFBOÐIN ÞJÓNUSTA** Hreyfingin er borin uppi af sjálfboðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon. **EINING** Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt. **ALHEIMSHREYFING** Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar. ■

## Efni

„Tutti fratelli – allir eru bræður“ .....	3	Leiðbeinendur í skyndihjálpi um allt land.....	13
Forysta í sjálfboðnu starfi .....	4	Rauði krossinn útskrifar 6500 manns á ári.....	13
Tekjur og útgjöld .....	5	Stofnun Neyðarmiðstöðvar .....	14
Ýmsir viðburðir úr starfinu .....	6	Öflug viðbrögð við neyð um allt land .....	15
Sameining deilda .....	8	Samstaða með Sírlandi .....	16
Aðalfundur Alþjóðasambands landsfélaga.....	8	Færanlegar sjúkrastöðvar .....	17
Rauði krossinn í 90 ár .....	9	Versti fellibylur sögunnar .....	18
Framvarðasveit 1996-2014 .....	10	Mikilvægur stuðningur í Malaví.....	20
Fatasöfnun er umhverfisvæn fjáröflun.....	12	Athvarf í Minsk.....	21
Skyndihjálpi – afmælisgjöf .....	13	Sendifulltrúar .....	22



## „Tutti fratelli – allir eru bræður“

Árið 2013 varð Rauða kross hreyfingin 150 ára og er stofnun hennar rakin til Heljar-slóðarorrustu sem átti sér stað á völlum við Solferino á Norður-Ítalíu árið 1859. Þar börðust liðlega 300 þúsund manns og undir lokin lágu um 40 þúsund í valnum fallnir eða særðir. Ungur svissneskur kaupsýslumaður, Henry Dunant að nafni, átti leið um héraðið á sama tíma og það sem hann sá fékk mikið á hann. Hann tókst á hendur að skipuleggja hjálparstarf á vígvellinum með aðstoð kvenna úr nærliggjandi þorpum en hjúkrunarveitir hersins voru óskipulagðar og réðu engan veginn við verkefnið. Hjálparstarfið fór fram undir kjörorðinu „Tutti fratelli“ eða „allir eru bræður“. Rauði krossinn var stofnaður til að bregðast við neyð og er það stærsta verkefni alþjóðahreyfingarinnar enn þann dag í dag.

Rauði krossinn á Íslandi leggur ríka áherslu á viðbrögð og viðbúnað við tímabundinni neyð. Rauði krossinn tryggir öflugar neyðarvarnir og neyðaraðstoð á Íslandi og er mikilvægur hlekkur í almannavörnum landsins. Jafnframt hefur félagið nú foystu í skipulagningu og framkvæmd áfallahjálpar hérlendis. Allt starf Rauða krossins á sviði neyðarvarna er nú samræmt hjá Neyðarmiðstöð en viðbragðsgetan byggir á neti deilda og vel þjálfuðum sjálfbóðaliðum um land allt.

Rauði krossinn á Íslandi er eitt félag og starfar sem ein heild. Styrkur félagsins byggir á að eining ríki um markmið og verkefni þess. Nútíma Rauða kross félag leggur áherslu á að finna jafnvægi á milli hæfra og vel þjálfaðra sjálfbóðaliða og starfsfólks sem er vel menntað, reynslumikið og með fjölbreyttan bakgrunn. Hlið við hlið starfa þeir samkvæmt grundvallarhugsjónum Rauða kross hreyfingarinnar, stefnu og siðareglum félagsins.

Mikil og vaxandi samkeppni er á milli mannúðar- og hjálparsamtaka um hylli almennings, stjórnvalda og fyrirtækja. Framboð af ýmiss konar góðgerðarstarfi eykst ár frá ári og erfiðara er að fá fólk til starfa fyrir félagið en oft áður. Rauði krossinn mætir þessum aðstæðum með aukinni áherslu á sýnileika félagsins og verk þess. Að auki er markaðs- og kynningarstarf í gagngerðri endurskoðun. Á endanum eru það verkefni félagsins og öflugt samstarf starfsmanna og sjálfbóðaliða sem ráða úrlitum um hversu sterkt og sýnilegt starfið er á hverjum tíma.

Tekjur félagsins frá Íslandsspilum halda áfram að minnka. Kassatekjur félagsins árið 2013 voru 600 milljónum kr. minni en árið 1998, færðar til verðlags ársins 2013. Félagið hefur mætt þessum samdrætti að hluta til með öðrum tekjum, en þær eru flestar merktar verkefnum og öflun þeirra og rekstur verkefna sem þeim fylgja kalla á aukin umsvif. Mikil skerðing hefur orðið á starfsemi landskrifstofu, sem sést best á umtalsverðri fækkun starfsmanna. Mikil ábyrgð fylgir stöðu sem þessari og nauðsynlegt að forgangsraða og endurmeta allt starfið í félaginu. Stjórn lagði til skipulagsbreytingar sem tíminn á eftir að leiða í ljós að eru nauðsynlegar. Þegar hafa margar deildir kosið að renna saman í öflugar samstarfsheildir og víst er að fleiri koma í kjölfarið. Þá eru einnig bundnar vonir við að aukin áhersla á sterkan verkefnasjóð og mikil einföldun á tekjuskiptingarkerfi félagsins verði deildum hvatning til samvinnu og jafnvel samruna, og það verði til að styrkja verkefnastöðu og sýnileika á starfssvæðum þeirra.

Til að mæta nýjum áskorunum og breyttu samfélagsmynstri hefur landskrifstofan nú skipu-

lagt starf sitt í samræmi við stefnumótun félagsins til 2020. Aðgerðasvið eru nú þrjú: Neyðarvarnir, Hjálpar- og mannúðarstarf og Samskipti (öflugra Rauða kross starf). Stoðsvið eru: Deildarþjónusta, fjármál og fataflokkun. Vinna er hafin við einföldun verkefna, skýrari fókus og umbætur sem áætlað er að muni skila félaginu fjárhagslegri hagræðingu og einnig betri þjónustu til handa almenningi, skjólstæðingum, deildarstjórnunum og sjálfbóðaliðum félagsins.

Þegar Rauða krossinn ber á góma og starf félagsins, þá er ljóst að stjórnvöld og almenn- ingur ber traust til þess. Gott orðspor er því verðmætasta eign þess, en jafnframt sú brot- hættasta. Það ber því að vernda sem slíkt. Orðspor Rauða krossins er áunnið í gegnum langt og gæfurikt starf, ekki aðeins á Íslandi heldur um heim allan í 188 landsfélögum sem minnir okkur á að við erum ekki eyland heldur bundin böndum og skyldum við starfsemi Rauða krossins um heim allan. ■

**Anna Stefánsdóttir,**  
formaður Rauða krossins

**Hermann Ottósson,**  
framkvæmdastjóri Rauða krossins

# Forysta í sjálfboðnu starfi

## Stjórn Rauða krossins á Íslandi:



Anna Stefánsdóttir  
formaður



Ragna Árnadóttir  
varaformaður



Einar Sigurðsson  
gjaldkeri



Eyrún Sigurðardóttir  
ritari



Jón Þorsteinn  
Sigurðsson



Helgi Ívarsson



Gísli Friðriksson



Guðný Bergvinsdóttir



Halldór U. Snjólaugsson



Jónas Sigurðsson



Anh-Dao Tran



Sólveig Reynisdóttir



Stefán Yngvason

### Framkvæmdaráð

Anna Stefánsdóttir formaður  
Ragna Árnadóttir varaformaður  
Eyrún Sigurðardóttir ritari  
Einar Sigurðsson gjaldkeri

### Stjórn Verkefnasjóðs

Stefán Yngvason formaður  
Sólveig Reynisdóttir  
Ágústa Gísladóttir  
Málfríður Björnsdóttir

### Stjórn Íslandsspila

Jóhannes Rúnar Jóhannsson  
Kristján Sturluson / Hermann Ottósson  
Sólveig Reynisdóttir

### Skoðunarmenn

Ólafur Reimar Gunnarsson  
Sigrún Camilla Halldórsdóttir

### Endurskoðunarskrifstofa

Grant Thornton endurskoðun ehf.

### Stjórn URKÍ

Hekla Sigurðardóttir formaður  
Egill Ian Guðmundsson  
Birta Marsilía Össurardóttir  
Prúður Kristjánsdóttir  
Hilmar Loftsson

### Skyndihjálparráð

Anna María Þórðardóttir  
Hafþór Birgir Guðmundsson  
Gunnar M. Baldursson  
Gunnhildur Sveinsdóttir  
Oddur Eiríksson  
Sigrún Guðný Pétursdóttir  
Þorsteinn Jónsson

**A.-Húnavatnssýsludeild** Anna Kristín Davíðsdóttir  
**Akranesdeild** Sveinn Kristinsson  
**Akureyrardeild\*** Jón Knutsson  
**Árnesingadeild** Guðmundur Bjarnason  
**Barðastrandarsýslud.** Helga Gísladóttir  
**Bolungarvíkurdeild** Ingibjörg Sigurðardóttir  
**Borgarfjarðardeild** Margrét Vagnsdóttir  
**Breiðdalsdeild** Þórunn Björg Jóhannsdóttir  
**Búðardalsdeild** Eyjólfur Sturlaugsson  
**Dalvíkurdeild\*** Símon Páll Steinsson  
**Djúpavogsdeild** Magnús Kristjánsson  
**Dýrafjarðardeild** Hildur Inga Rúnarsdóttir  
**Eskifjarðardeild** Pétur Karl Kristinsson  
**Fáskrúðsfjarðardeild** Erna Evudóttir  
**Garðabæjardeild** Magnús Halldórsson  
**Grindavíkurdeild** Ágústa Halldóra Gísladóttir  
**Grundarfjarðardeild** Bryndís Theodórsdóttir

**Hafnarfjarðardeild**  
**Héraðs- og Borgarfj.**  
**Hornafjarðardeild**  
**Hvammstangadeild**  
**Hveragerðisdeild**  
**Húsavíkurdeild\***  
**Ísafjarðardeild**  
**Klausturdeild**  
**Kópavogsdeild**  
**Mosfellsbæjardeild**  
**Norðfjarðardeild**  
**Ólafsfjarðardeild\***  
**Rangárvallasýsludeild**  
**Reyðarfjarðardeild**  
**Reykjavíkurdeild**  
**Seyðisfjarðardeild**

Ingibjörg Edda Ásgeirsdóttir  
Margrét Aðalsteinsdóttir  
Marianna Jónsdóttir  
Sæunn Vigdís Sigvaldadóttir  
Örn Guðmundsson  
Halldór Valdimarsson  
Hrefna Ragnheiður Magnúsd.  
Guðveig Hrólfsdóttir  
Ingibjörg Lilja Diðriksdóttir  
Gísli Friðriksson  
Þorgerður Malmquist  
Helga Stefánsdóttir  
Árni Þorgilsson  
Gunnþórunn Heidenreich  
Jón Þorsteinn Sigurðsson  
Guðni Sigmundsson

**Sigluftardeild\***  
**Skagafjarðardeild**  
**Skagastrandardeild**  
**Snæfellsbæjardeild**  
**Strandarsýsludeild**  
**Stykkishólmsdeild**  
**Stöðvarfjarðardeild**  
**Suðurnesjædeild**  
**Súðavíkurdeild**  
**Súgandafjarðardeild**  
**Vestmannaeyjædeild**  
**Víkurdeild**  
**Vopnafjarðardeild**  
**Þórshafnardeild\***  
**Öndarfjarðardeild**  
**Öxarfjarðardeild\***

Ólafur Sigurðsson  
Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir  
Sigrún Líndal Prastardóttir  
Elfa Ármannsdóttir  
Hlíf Hrólfsdóttir  
Svanhvít Skjaldardóttir  
Þóra Björk Nikulásdóttir  
Guðbjörg Ágústa Sigurðard.  
Margrét Lilja Vílmundard.  
Bryndís Ásta Birgisdóttir  
Sigmar Georgsson  
Sveinn Þorsteinsson  
Kristín Þóra Jóhönnudóttir  
Guðrún Stefánsdóttir  
Ingeborg Edda Graichen  
Helga Árnadóttir

\*Sameinaðar deildir á árinu: **Eyjafjarðardeild**, Sigurður Ólafsson og **Þingeyjarsýsludeild**, Halldór Valdimarsson.

# Tekjur og útgjöld

**Tekjur** Rauða krossins af söfnunarkössum lækkuðu um 2% milli árána 2012 og 2013. Lækkunin að raungildi, að teknu tilliti til verðlags, er hins vegar tæplega 6%.

Frjáls framlög námu 311 milljónum króna. Þar af voru félagsgjöld 20 milljónir og runnu þau til deilda Rauða krossins.

Á árinu söfnuðust um 52 milljónir króna til neyðaraðstoðar vegna átakanna í Sírylandi. Um 32 milljónir söfnuðust til neyðaraðstoðar vegna fellibyls á Filippseyjum, en framlög

vegna neyðaraðgerða þar héldu áfram að berast eftir áramót.

Framlög Mannvina, sem eru í styrktarkerfi Rauða krossins, námu 61 milljón og hækkuðu um 12 milljónir milli ára. Sala á notuðum fatnaði skilaði Rauða krossinum 100 milljóna króna tekjuafgangi á árinu.

Útgjöld til alþjóðlegs hjálparstarfs námu 350 milljónum króna. Þar af var 209 milljónum varið til neyðaraðstoðar og 141 milljón til þróunarsamvinnu. Fjárfrekasta verkefnið

var neyðaraðstoð vegna Sírylands en um 68 milljónir runnu í það verkefni.

307 milljónir króna fóru til rekstrar sjúkrahúla. Rauði krossinn lagði um 14 milljónir til verkefnisins en aðrar tekjur koma frá ríkinu og notendum þjónustunnar.


Útgjöld til innlendra verkefna voru 463 milljónir króna. Neyðaraðstoð til einstaklinga nam 19 milljónum. Sjá má nánar hér að neðan hvernig útgjöld til innlendra verkefna skiptust.

## Lykiltölur úr rekstrinum

	2013	2012	2011	2010	2009	2008
<b>Tekjur og framlög</b>						
Tekjur af söfnunarkössum	446 780	455 859	473 620	512 102	581 731	615 380
Gjafir og framlög	311 360	206 613	239 384	310 313	264 624	234 152
Samingsbundin verk við stjórnvöld	304 426	279 130	227 891	202 831	173 865	150 375
Sjúkraflutningar	190 854	161 336	141 369	129 249	116 888	93 227
Tekjur af sölustarfsemi	294 276	268 794	246 321	192 879	151 528	128 195
Aðrar tekjur	92 954	117 311	94 622	151 738	193 879	248 163
<b>Samtals</b>	<b>1 640 650</b>	<b>1 489 043</b>	<b>1 423 207</b>	<b>1 499 112</b>	<b>1 482 515</b>	<b>1 469 492</b>

### Framlög til nokkurra verkefna

Alþjóðahjálparstarf	349 717	289 023	312 012	346 248	328 407	326 037
Alþjóðasamstarf	58 129	38 165	52 230	71 670	61 864	65 984
Innanlandsstarf	462 972	517 204	588 347	608 193	561 563	470 044
Sjúkraflutningar	306 674	276 666	263 296	264 457	250 793	264 729
Hjálparsíminn	26 925	26 383	30 226	29 078	29 243	25 445
Athvörf Rauða krossins	80 571	74 933	75 131	71 774	70 550	71 336



# Ýmsir viðburðir úr starfinu



## Janúar


Þann 23. janúar var þess minnst að 40 ár voru liðin frá eldgosinu í Vestmannaeyjum. Þá hóf Rauði krossinn á Íslandi umfangsmestu neyðaraðgerðir í sögu félagsins. Fyrstu verkefni snerust um opnun fjöldahjálparstöðva í skólum en síðan tók við starfræksla þjónustumiðstöðvar í Reykjavík og fjölbreytt endurreisnar- og uppbyggingarstarf sem varði í fjögur ár. Viðbrögð Rauða krossins í Vestmannaeyjagösinu lögðu grunninn fyrir hlutverk félagsins í almannavörnum eins og þær eru skipulagðar enn þann dag í dag.

## Febrúar

Hjónin Hólmfríður Kjartansdóttir og Björn Gíslason voru flott á því og buðu allri fjölskyldunni á skyndihjálparnámskeið hjá Rauða krossinum í Árnessýslu. Ákvörðunin var tekin eftir að Hólmfríður fór á skyndihjálparnámskeið á vegum Selfossveitna þar sem hún vinnur. Henni líkaði námskeiðið svo vel að henni fannst tilvalið að gefa öllum þeim sem henni þykir vænst um skyndihjálparnámskeið í afmælisgjöf. Eiginmaðurinn, börn, tengdabörn og elstu barnabörnin fengu gjafabréf á skyndihjálparnámskeið, alls 14 manns og var haldið sérnámskeið fyrir fjölskylduna.

## Mars

Ungmennafélag Ungmennahreyfingar Rauða krossins, URKÍ, var haldið í lok mars. Auk venjulegra aðalfundastarfa fór fram kosning formanns og fjögurra stjórnarmanna. Hekla Sigurðardóttir var kjörin formaður, en hún sat áður í stjórninni, Birta Marsilía Össurardóttir var kosin stjórnarmaður til tveggja ára, og til eins árs voru kosin þau Egill Ian Guðmundsson, Hilmar Loftsson og Prúður Kristjánsdóttir.



## Júlí

Í júní og júlí héldu Rauðakrossdeildirnar á norðanverðum Vestfjörðum námskeiðið Mannúð og menning/Gleðidagar í Barnaskólanum í Hnífsdal. Hrefna Magnúsdóttir, formaður Rauða krossins á Ísafirði, segir þátttöku hafa verið frábæra og krakkana ánægða með viðfangsefni námskeiðsins, en það eru fyrst og fremst hugsjónir Rauða krossins, mannúðarmál og umhverfismál. Á námskeiðinu var lögð áhersla á fræðslu og leiki og börnin fengu einnig innsýn í skyndihjálpar, fjölmenningu og umhverfisvernd. Eldri borgarar komu í heimsókn og farið var í vettvangsferðir.

## Ágúst

Í ágúst barst Rauða krossinum bréf frá dóttur manns sem búsettur er á dvalarheimilinu Droplaugarstöðum þar sem þakkað var fyrir heimsóknir með hund. Dóttirin segir að þá daga sem hundurinn komi í heimsókn verði faðir hennar allur annar, hressari og glaðari í lund. Hundurinn gefi honum einhvern neista sem glóir. „Takk og aftur takk, þetta er eitt það besta sem þið gerið fyrir aldraða sem eru á stofnunum. Með von um að þetta verkefni vaxi og vaxi því það er kraftaverk að sjá þessa eftir heimsókn frá Rauða krossinum.“

## September

Rauði krossinn á Suðurnesjum opnaði með mikilli viðhöfn verslun með notaðan fatnað í húsnæði sínu að Smiðjuvöllum 8 í Reykjanesbæ. Í versluninni má fá góðan og ódýran fatnað á alla fjölskylduna og er úrvalið mikið og fjölbreytt. Verslanir með notaðan fatnað njóta mikilla vinsælda og er verslun Suðurnesjadeildar þar engin undantekning. Síðan opnað var hefur verið mikið að gera, viðskiptavinir eru ánægðir og hafa gert góð kaup. Verslunin er opin á fimmtudögum og föstudögum frá kl. 13:00–17:15.

# Ýmsir viðburðir úr starfinu



## Apríl

Inga Dóra Þorkelsdóttir, 82 ára, heldur tryggð við Rauða krossinn á Akranesi og þrjónahópin sinn þar þótt hún sé flutt til Hólmavíkur. Inga Dóra er einhver afkastamesti þátttakandinn í verkefninu *Föt sem framlag* og rétt fyrir páska fékk Akranesdeildin stóra sendingu frá henni, þrjá stóra poka og eina ferðatösku fulla af hekludum teppum, þrjónuðum peysum, sokkum og húfum. Skemmtilegast þykir henni að þrjóna litlar ungbarnapeysur og að hekla dúlluteppi sem hún segist gjarnan nýta afgangana í. „Ég er þegar farin að þrjóna fyrir næstu sendingu og mun halda því áfram á meðan ég held heilsu,“ segir Inga Dóra.



## Maí

Rauði krossinn í Vík útskrifaði 11 börn af námskeiðinu *Börn og umhverfi*. Að þessu sinni var gerð tilraun í samstarfi við grunnskólann að færa kennsluna inn í 6.–8. bekk og var því um skyldunám að ræða. Börnin fengu grunnfræðslu í skyndihjálpi sem kemur til með að nýtast þeim vel því mörg þeirra gæta yngri systkina og annarra barna. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir í Vík og sagði móðir eins barnsins frá því að barnið hennar hefði nú þegar beitt kunnáttu sinni þegar hún varð fyrir lítils háttar slysi.



## Júní

Hópur ungmenna og sjálfboðaliða sænska Rauða krossins sótti Rauða krossinn á Íslandi heim. Hópurinn naut gestrisni Rauða krossins á Akranesi meðan á dvöl þeirra stóð. Sjálfboðaliðarnir voru frá deild Rauða krossins í bænum Vallákra í Suður-Svíþjóð en ungmennin, 12 talsins, komu víðs vegar að úr héraðinu. Deildin vinnur ótulllega að fjáröflun fyrir þetta verkefni og sækir um styrki í sjóðum til að geta boðið fötluðum ungmendum úr byggðarlaginu í sumarfrí erlendis. Þátttakendur eru valdir í samstarfi við skóla og kennara í héraðinu til að þeir sem mest þurfa á að halda fái tækifæri til að ferðast með Rauða krossinum.



## Október

Rauði krossinn í Grundarfirði hélt eins konar uppskeruhátíð í október þegar velunnarar deildarinnar komu saman og þökkuðu ungbarnavörum sem voru tilbúnar til afhendingar. Þær voru í tugum taldar dásamlegu fallegu peysurnar sem þrjónaðar voru af sjálfboðaliðum Rauða krossins í verkefninu *Föt sem framlag*. Allir pakkarnir fara í reglubundna sendingu til skjólstæðinga Rauða krossins í Hvíta-Rússlandi. Alls fóru um 80 pakkir frá þessum ötulu konum með 160 peysum, 320 sokkapörum, 80 buxum og húfum.



## Nóvember

Haldin var samvera heimsóknarinnar Rauða krossins á Stöðvarfirði laugardaginn 23. nóvember og mættu heimsóknavinir frá deildum í Fjarðabyggð. Sigríður Herdís Pálsdóttir, starfsmaður Rauða krossins í Fjarðabyggð, hélt erindi um samskipti og María Helena Haraldsdóttir, verkefnisstjóri Rauða krossins á Austurlandi, fór yfir sögu og verkefni félagsins. Í lok samveru kom Bjartmar Guðlaugsson og tók nokkur lög við góðar undirtektir. Heimsóknarinnar verkefni er eitt stærsta og útbreiddasta verkefni félagsins og starfa rúmlega 550 sjálfboðaliðar um allt land við heimsóknarþjónustu Rauða krossins.



## Desember

Prjónasmiðjan Tína setti upp verkefnið *Hjarta-hljýja* á Facebook-síðu sinni þar sem óskað var eftir þrjónavörum til að færa heimilislausum konum í Konukoti fyrir jólin. Fólk var gefinn októbermánuður til að þrjóna húfur, vettlinga eða sokka og koma þeim til vinkvennanna Lilju Sigurðardóttur og Christine Einarsson, sem eru konurnar að baki Prjónasmiðjunnar. Viðtökurnar voru framar öllum vonum og flíkur streymdu alls staðar að af landinu. Lilja sagði að sumir hefðu sent marga hluti, ein sendi fimm eða sex lopapeysur, önnur eflaust um 20 húfur, en umfram allt hafi konurnar gert þetta frá hjartanu og unnið flíkurnar af umhyggju og góðvild. ■



Hermann Ottósson, framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi.

## Nýr framkvæmdastjóri tekur við

**Kristján Sturluson** sem gegnt hafði stöðu framkvæmdastjóra Rauða krossins á Íslandi í átta ár lét af störfum í lok maí. Hermann Ottósson var ráðinn nýr framkvæmdastjóri Rauða krossins. Hermann er með BA-próf í mannfræði og félagsfræði frá Háskóla Íslands, Cand. Mag.

í sömu fögum frá Háskólanum í Árósum, auk þess að vera með MBA-gráðu frá Viðskiptaháskólanum í Árósum. Hermann starfaði áður sem forstöðumaður Markaðsþróunar- og fyrirtækjapjónustu Íslandsstofu. ■

## Sameining deilda

**Deildum Rauða krossins** fækkaði um sex á árinu 2013 vegna sameininga og eru nú 44, en voru 50 áður. Rauði krossinn í Garðabæ og Rauði krossinn á Álftanesi riðu á vaðið um áramót og sameinuðust í eina deild sem heitir nú Rauði krossinn í Garðabæ.

Undir vorið urðu miklar sameiningar á Norðurlandi þar sem Rauði krossinn á Þórshöfn, Öxarfirði og Húsavík runnu saman í eina öflugra deild undir heitinu Rauði krossinn í Þingeyjarsýslu. Stuttu síðar fylgdu fjórar aðrar deildir í kjölfarið þegar Rauði krossinn

á Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík og Akureyri sameinuðust í eina deild sem heitir nú Rauði krossinn við Eyjafjörð.

Mikil og almenn ánægja er með þetta nýja fyrirkomulag, og hefur starfsemi hinna nýju deilda gengið vel. Við sameiningarnar var gengið út frá búsetudreifingu fulltrúa í stjórnun deildanna þannig að öll svæði hefðu sinn

málsvara og tengilið sem bæri ábyrgð á að tryggja áframhaldandi virkni sjálfbodaliðastarfs á svæðinu. ■



Eyjafjarðardeild: Elsa Guðmundsdóttir, Þorsteinn Arnórsson, Eva Björg Guðmundsdóttir, Sigurður Ólafsson, Helga Stefánsdóttir, Guðmundur Skarphéðinsson, Dusanka Kotaras, Auður Eggertsdóttir.

## Aðalfundur Alþjóðasambands landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Sydney

**Aðalfundur** Alþjóðasambands landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans var haldinn í lok árs 2013. Fundurinn er haldinn á tveggja ára fresti en í annað hvert sinn, þ.e. fjórða hvert ár, er að auki haldin alþjóðaráðstefna Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Á þeim fundi sitja einnig fulltrúar ríkja sem hafa staðfest Genfarsamningana. Alþjóðaráðstefnan er ætíð haldin í Genf og verður næst haldin þar árið 2016.

Núverandi formaður Alþjóðasambandsins, Tadateru Konoe, formaður japanska Rauða krossins, var kosinn til áframhaldandi setu. Nýkjörnir varaformenn eru Abbas Gullet frá Kenýu, Osvaldo Ferreiro frá Argentínu, Baige Zhao frá Kína og Francesco Rocca frá Ítalíu.

Tvö ný landsfélög voru tekin inn í Alþjóðasambandið, Rauði krossinn á Kýpur og Rauði krossinn í Suður-Súdan. Rauði krossinn á Kýpur hefur hingað til ekki verið viðurkenndur vegna Kýpurdeilunnar, sem enn er óleyst, en Rauði krossinn í Suður-Súdan er nýtt landsfélag hins nýja Afríkuríkis.

Rætt var um ýmis vandamál sem steðja að sambandinu og landsfélögunum. Alþjóðasambandið á í rekstrarerfiðleikum, meðal annars vegna minnkandi framlaga sem rekja má til núverandi efnahagskreppu. Lagt var til að í stað svæðisskrifstofa yrðu settar upp minni

skrifstofur fyrir nokkur lönd þar sem þarfir skjólstaðinganna eru svipaðar.

Formaður, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri hjálpar- og mannúðarsviðs voru fulltrúar Rauða krossins á Íslandi. Í ræðu sinni á aðalfundinum lagði Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða krossins á Íslandi, áherslu á að unnið yrði að endurbótum af mikilli alvöru og leitað leiða til að auka skilvirkni og draga úr kostnaði í starfsemi Alþjóðasambandsins. ■



Anna Stefánsdóttir formaður, Þórir Guðmundsson sviðsstjóri hjálpar- og mannúðarsviðs og Hermann Ottósson framkvæmdastjóri voru fulltrúar Rauða krossins á Íslandi á aðalfundi Alþjóðasambands Rauða krossins í Sydney.





Sjúkrabílar Rauða krossins og bílstjórar þeirra við Slökkvistöðina í Tjarnargötu árið 1944.

## Rauði krossinn í 90 ár

# Byggir á traustum grunni og sveigjanleika

**Rauði krossinn** á Íslandi var stofnaður í Reykjavík þann 10. desember árið 1924 í aftakaveðri. Það hæfir vel kjarnaverkefnum Rauða krossins um að bregðast við hvers konar neyð að upphafsmenn hans skyldu ekki láta slæmt veður standa í vegi fyrir að mæta á stofnfundinn. Félagið var stofnað að fyrirmynd annarra Rauða kross félaga í Evrópu, og með stuðningi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem myndað hafði verið árið 1919.



Fyrstu flóttamennirnir sem Rauði krossinn tók á móti komu frá Ungverjalandi í desember 1956.

Strax í upphafi var Rauði krossinn landsfélag og bar að þjóna öllum landsmönnum. Aðeins leið mánuður frá stofnun félagsins þar til Akureyrardeild Rauða krossins leit dagsins ljós, og var unnið markvisst að stofnun deilda um allt land næstu áratugina. Þær eru nú 44 talsins.

Á þessum fyrstu árum Rauða krossins snerist starfsemin að mestu um umönnun sjúkra, fræðslu um hreinlæti og hollustu, skyndihjálpar og sjúkraflutninga. Fyrsti sjúkrabíll Rauða krossins var fenginn til Reykjavíkur árið 1926, og voru fjölmargar deildir víða um land stofnaðar í kringum fjársafnanir fyrir sjúkrabílum. Frá upphafi sjúkraflutninga á Íslandi

hefur það verið hlutverk Rauða krossins að tryggja gæði þeirra um allt land, og eru allar sjúkrabílfreiðar á landinu í eigu Rauða krossins sem sér einnig um rekstur þeirra.

Útbreiðsla skyndihjálpar hefur einnig verið eitt af meginverkefnum Rauða krossins á Íslandi frá upphafi. Á 90 ára afmælisári Rauða krossins var ákveðið að hrinda af stað kynningarherferð um þetta elsta verkefni félagsins, enda vel við hæfi þar sem allar deildir standa að skyndihjálparfræðslu um landið allt.

Frá upphafi hefur stefna Rauða krossins á Íslandi verið sú að veita þeim aðstoð sem mest þurfa á að halda á hverjum tíma, hvort sem er vegna tímabundinna áfalla eða persónulegra aðstæðna. Þannig hafa verkefni Rauða krossins þróast með breyttri þjóðfélagsmynd og vaxandi velmegun. Rauði krossinn hefur verið óhræddur að hrinda af stað nýjum verkefnum fyrir hópa sem hafa átt sér fáa málsvara í samfélaginu, og eins óhikað dregið sig út úr starfi þegar þörfin fyrir aðstoð hefur minnkað eða aðrir tekið verkefnið yfir.

Rauði krossinn var stofnaður til að bregðast við neyð og það er stærsta verkefni hreyfingarinnar og grunnurinn að stefnu félagsins, líkt og segir í leiðarljósi hennar: Rauði krossinn á Íslandi bregst við neyð jafnt innanlands sem utan og veitir aðstoð, en gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum. Það er einmitt kjarninn í starfi Rauða krossins, að gera fólk hæfara til að takast á við aðstæður og hjálpa því til sjálfshjálpar. Það krefst þess að starf Rauða krossins sé einnig í stöðugri mótun.



Vestmannaeyjagosið 1973.



Tekið á móti flóttamönnum frá Víetnam haustið 1979.



Sjálfbóðaliðar Rauða krossins við störf í snjóflóðinu í Súðavík 1995.

Stefna félagsins til ársins 2020 sameinar þessa tvo grundvallarþætti í starfi Rauða krossins – neyðarviðbrögð sem byggja á gömlum grunni og sveigjanleika sem býður upp á ný úrræði sem breyttir tímar kalla á. ■

# Framvarðasveit Rauða krossins 1996–2014

## Anna Prúður Þorkelsdóttir formaður 1996–2002

Ég hef verið hugsjónamanneskja frá æsku. Það átti sinn þátt í því að þegar ég sá auglýsingu frá Kvinnadeild Rauða krossins í Reykjavík sótti ég um og gerðist sjálfboðaliði í öldrunarstarfi Rauða krossins. Ég tók þátt í því að koma Múlabæ, dagvist fyrir aldraða, á laggirnar árið 1983, en Rauði krossinn hefur komið að þeim rekstri um langt skeið ásamt öðrum. Starf með öldruðum varð einnig starfsvettvangur minn til margra ára hjá Reykjavíkurborg.

Þá má einnig nefna verkefni eins og Rauða-krosshúsið, neyðarathvarf fyrir unglinga, sem starfaði í tæp 20 ár, Vin, athvarf fyrir fólk með

geðraskanir, og Fjölsmiðjuna, sem var stofnuð árið 2001 og er frábært úrræði fyrir ungt fólk á krossgötum þar sem það fær þjálfun fyrir almennan vinnumarkað eða skóla.

Ég var svo fengin til að taka sæti í stjórn Rauða krossins, og var varaformaður frá árinu 1987. Þegar Guðjón Magnússon hætti sem formaður árið 1996 ákvað ég að bjóða mig fram og var kjörin í hans stað. Þetta var bjartur og finn tími, og ákaflega margt sem stendur upp úr. Við Sigrún Árnadóttir, þáverandi framkvæmdastjóri, vorum mjög samhentar og samstiga í að koma verkefnum á legg.

Ég kveið kannski örlítið fyrir að vera í forsvari fyrir erlent samstarf fyrir hönd Rauða krossins á Íslandi, en það gekk alveg rosalega vel og kvað mikið að okkur á alþjóðavísu. Mér er það ákaflega minnisstætt sem nýkjörnum formanni að fara í ferð til Serbíu. Þá var Hannes Hauksson, sendifulltrúi þar, yfirmaður sendinefndar Alþjóða Rauða krossins. Við komum á vinadeildarsamstarfi við Rauða krossinn í Serbíu í kjölfarið, og tókum síðar á móti flóttamönnum þaðan.

Ég stend í þakkarskuld við Rauða krossinn fyrir að hafa stýrt mér inn á þær brautir sem hafa verið rauði þráðurinn í lífi mínu æ síðan.



## Úlfar Hauksson formaður 2002–2006

Ég kynntist Rauða krossinum fyrst sem eiganda sjúkrafreiðar á Akureyri. Ég hafði sumarvinnu á háskólaárum mínum hjá Slökkviliði Akureyrar en þá var farið að annast sjúkraflutninga (1973–1976). Að háskólanámi loknu hóf ég störf hjá Akureyrbæ, m.a. við uppsetningu og rekstur tölvukerfa.

Ég veit ekki hvort það var fortíð mín í sjúkraflutningum eða hugsanleg framtíð mín í tölvubransanum sem Gísla Ólafssyni yfirlöggregluþjóni og miklum Rauða kross manni þótti lofandi, en hann ákvað að fá mig til starfa við fjöldahjálparskipulag Akureyrardeildarinnar. Nokkrum árum seinna var ég kominn í stjórn deildarinnar, eiginlega að mér forspurðum. Ég var svo í stjórn Akureyrardeildar með hléum fram til 1994 en þá var ég kosinn í stjórn Rauða kross Íslands.

Margs er að minnast frá þessari líðlega 30 ára sambúð við félagið. Með vísan í ofanritað veur það tæpast undrun að sjúkraflutningar og innkaup og rekstur sjúkrabíla var lengst af eitt af þeim verkefnum sem ég kom að, og þá ekki síst sérstakri stefnumörkun félagsins

um sjúkraflutninga og fyrsta samningi félagsins við ríkið um framkvæmd sjúkraflutninga. Þetta var í upphafi umdeilt mál en með góðri samvinnu og framsýni fjölmargra tókst að leysa það farsælega.

Einnig er eftirminnilegur vaxandi viðbúnaður félagsins vegna neyðarvarna á þessum tíma, samfara auknu en jafnframt betur skilgreindu hlutverki félagsins í almannavörnum og áfallahjálp. Það hlutverk hefur fengið aukna þýðingu með vaxandi fjölda ferðamanna hér á landi.

Einnig var á þessum árum unnið ötullega að nýrri stefnu fyrir félagið og hún endurskoðuð reglulega. Var þá m.a. höfð hliðsjón af til-mælum alþjóðasambandsins sem og litið til reglubundinna athugana félagsins á högum þeirra er minnst mega sín í íslensku samfélagi. Viðbrögð félagsins birtust t.d. sem Fjölsmiðjan, þjónusta við geðfatlaða, nánara samstarf við önnur líknarfélög og aukin



Úlfar Hauksson flytur setningarræðu á aðalfundi Rauða krossins í Salnum í Kópavogi árið 2003.

áhersla á störf sjálfboðaliða. Þá var hjálpar- og þróunarstarf félagsins á alþjóðavettvangi endurskoðað og aukið verulega enda var fjárhagsstaða félagsins mjög góð á þeim tíma. Þessu fylgdu aukin erlend samskipti og samstarf, ekki síst við systurfélögin á Norðurlöndum sem hefur reynst heilladrjúgt fyrir Rauða kross Íslands.

Ótrúlega gott samstarf, samvera og vinátta við félagsmenn og starfsfólk allan þennan tíma er svo rúsínan í pylsuendanum.

Ómar H. Kristmundsson  
opnar nýja heilsugæslustöð í  
Mósambík ásamt Alexandre  
Marcelino, formanni Rauða  
krossins þar.



## Ómar H. Kristmundsson formaður 2006–2008

**Líklega** hef ég byrjað sem sjálfbóðaliði Rauða krossins 1998 eða 1999. Það var Torben heitinn Friðriksson, mikill Rauðakrossmaður sem þá var vinnufélagi minn í fjármálaráðuneytinu, sem fékk mig til að taka þátt í starfsnefnd á vegum deildarinnar. Ég varð strax heillaður af starfi Rauða krossins, þeim merkilegu samfélagsverkefnum sem félagið sinnti þá sem nú.

Ýmis verkefni eru mér minnisstæð frá þeim tíma sem ég sat í stóli formanns. Í kjölfar könnunar félagsins „Hvar þrengir að?“ fórum við af stað með endurskoðun á stefnu félagsins sem fékk heitið „Byggjum betra samfélag“.

Auknar áherslur voru lagðar á verkefni sem miðuðu að því að draga úr félagslegri einangrun í samfélaginu með því að efla starf heimsóknavina og starf með innflytjendum. Einnig unnum við að því að auka kynningu á verkefnum Rauða krossins innanlands en fram hafði komið að almenningur þekkti mun minna til þeirra en alþjóðlegra verkefna.

Á alþjóðlegum vettvangi fékk ég meðal annars tækifæri til að taka þátt í opnun nýrrar heilsugæslustöðvar, sem Rauði krossinn á Íslandi og Þróunarsamvinnustofnun Íslands reistu ásamt Rauða krossinum í Mósambík, og undirritun áheits milli Rauða krossins og

ríkisstjórnar Íslands um markvissara samstarf á alþjóðavettvangi og samstarf um fræðslu um alþjóðleg mannúðarlög í þágu fórnarlamba á átakasvæðum.

Það sem þó stendur upp úr starfi mínu með Rauða krossinum er að hafa fengið tækifæri til að kynnst og starfa með því góða fólki sem starfar innan hreyfingarinnar, bæði sjálfbóðaliðum og starfsmönnum sem margir eru enn góðir vinir mínir. Mér fannst það forréttindi að tilheyra þessu samfélagi Rauða kross hreyfingarinnar. Enn í dag segi ég „við hjá Rauða krossinum“ þótt ég hafi verið laustengdur félaginu síðastliðin ár.

## Anna Stefánsdóttir formaður 2008–2014

**Ég hafði** fylgst með starfi sendifulltrúa Rauða krossins í alþjóðlegri neyðaraðstoð og þróunarsamvinnu um langt skeið sem stjórnandi á Landspítala. Ég heillaðist af starfi þeirra en hafði ekki tök á því sjálf að starfa á þeim vettvangi. Ég hafði það sem stefnu að þegar hjúkrunarfræðingar komu heim eftir störf sín hjá Rauða krossinum héldu þær erindi fyrir samstarfsfólk sitt á Landspítala um reynslu sína.

Ég byrjaði sem heimsóknavinur Rauða krossins í Kópavogi árið 2001. Mér fannst mjög áhugavert að kynnst frábærum heimsóknavinum í Kópavogi og því mikilvæga starfi sem þeir gegna. Sama ár var leitað til mín að koma í stjórn, og þá var ekki aftur snúið. Mér fannst áhugavert að fá að hafa áhrif á starf félagsins. Ég var svo kjörin formaður Rauða krossins á Íslandi árið 2008.

Það sem stendur upp úr í formannstíð minni er vinnan í sambandi við mótnu stefnu Rauða krossins á Íslandi til ársins 2020, sem var unnin í kjölfar 2020-stefnu Alþjóðasambandsins. Við í stjórninni funduðum með sjálfbóðaliðum

alls staðar að á landinu, og það var ákaflega gefandi. Þetta var stórt tækifæri til að kynnst starfinu í deildunum og þeim samhljóm sem var með öllum sem komu að þessu verkefni um sýn félagsins næsta áratuginn.

Það voru hátt í 300 sjálfbóðaliðar sem komu að þessari vinnu, og það sem skiptir mestu máli er að stefnan skuli vera unnin með sjálfbóðaliðunum sjálfum úti í deildunum. Ég er stolt af afrakstrinum því þó svo að stefnan sé opin er hún mjög vel útfærð og sterkur grunnur fyrir starf Rauða krossins, grunnur sem starfið getur byggt á næstu árin.

Starf mitt sem formaður hefur á stundum reynst erfitt, og við í stjórninni höfum stundum staðið frammi fyrir flóknum viðfangsefnum eins og þegar upp kom ágreiningur um ákveðin stefnumál 2012–2013. Þá skiptir máli að vanda sig í samskiptum við fólk og reyna að sætta sjónarmið. Það eru mismunandi




Anna Stefánsdóttir sýnir Sýrlandi samstöðu í herferð Rauða krossins á Íslandi í september.

leiðir að markmiðum þótt allir beri hag Rauða krossins fyrir brjosti, og þá þarf að sameinast um leiðina.

Stjórnarstörfín hafa verið skemmtilegt tímabil og áhugaverðast var að kynnst öllu fólkinu, sjálfbóðaliðunum og starfsmönnum, sem brennur fyrir Rauða krossinn í starfi sínu fyrir félagið. ■

## Fötin þín gefa af sér

Allur ágæði af Rauðakrossbúðinni rennur til hjálparstarfs.  
Við tökum á milli mistókum fatnaði í sjálfnumgámum.  
Mjúli fatnaðarinn fær í nýjborðstöð innan lands og utan.  
Verkefnið er lauslögð og sjálfboðaliðum.  
Við þökkum stuðninginn!



Opnun nýrrar Rauðakrossbúðar á Suðurnesjum.

# Fatasöfnun er umhverfisvæn fjáröflun

Fatasöfnun Rauða krossins hefur vaxið og dafnað undanfarin ár sem verkefni á landsvísi. Rauði krossinn flutti árið 2013 út 1612 tonn í 112 gámum sem er 19% aukning frá fyrra ári. Útflutningurinn gaf 88,5 milljónir sem er um 32% aukning í tekjum á milli ára.

Fatasöfnunin er nú helsta fjáröflunarverkefni Rauða krossins og jafnframt umfangsmikið umhverfisverkefni um endurnýtingu allrar vefnaðarvöru. Starfið er í raun þriðja og koma um 600 sjálfboðaliðar um allt land að söfnun, flokkun, sölu og framleiðslu barnapakka.

Deildir um allt land sjá um að safna fötum og flokka þau, og senda þau í vöruhús fatasöfnunar í Skútuvoginum þar sem sjálfboðaliðar og starfsfólk sér um frekari flokkun. Þaðan er fatnaður ýmist seldur út til endurvinnslu eða í Rauðakrossbúðirnar. Um 100 sjálfboðaliðar standa vaktina í Rauðakrossbúðunum sem eru starfræktar á 12 stöðum á landinu.

Þá sjá sjálfboðaliðar í verkefninu *Föt sem framlag* um að framleiða ungbarnapakka sem sendir eru í hjálparstarf til Hvíta-Rússlands. Útbúinir voru 9108 pakkur sem komu frá 25 deildum og voru þeir unnir af 460



10. bekkjar nemendur í Patreksskóla færðu Rauða krossinum í Barðastrandarsýslu teppi að gjöf í verkefnið *Föt sem framlag*.

sjálfboðaliðum. Pakkað var í tvo gáma sem sendir voru til Rauða krossins í Hvíta-Rússlandi sem sér um að dreifa hlýjum fatnaði frá Íslandi til fátækra barnafjölskyldna í tveimur héruðum landsins.

Hafist var handa við að koma minni söfnunargámum fyrir sem víðast á höfuðborgarsvæðinu. Núna má finna 43 gáma vítt og breitt um svæðið. Ágætt samstarf er við bæjarfélögin um staðarval fyrir gámanna. Sem fyrr var gott samstarf við SORPU sem tekur á móti fatnaði á endurvinnslustöðvum sínum.

Eimskip/Flytjandi er öflugasti stuðningsaðili verkefnisins og annast flutninga innanlands án endurgjalds og utan á afar hagstæðum



Fatagáma Rauða krossins má finna um allt land.

kjörum. Rauði krossinn og Eimskip stóðu saman að fatasöfnunaráttaki að vorlagi í fjórða sinn. Fatasöfnunarpokar voru sendir í öll hús á landinu og dreifði Pósturinn þeim endurgjaldslaust.

Metþátttaka var í fatasöfnunaráttakinu. Alls söfnuðust 12 tonn í gáma sem settir voru við sundstaði á höfuðborgarsvæðinu, sem er um tvöfalt meira en safnaðist í áttatíunda ári. Þátttakan var ekki síðri úti á landi, og söfnuðust þar um 12 tonn til viðbótar. Á Akureyri skapaðist nánast ófremdarastand milli þess sem gámarnir voru tæmdir, og kann Rauði krossinn öllum þeim sem gáfu fatnað til Rauða krossins miklar þakkir fyrir. ■

# Skyndihjálpar – afmælisgjöf Rauða krossins til þjóðarinnar



Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, opnar nýjan vef skyndihjálpar.is með aðstoð Þórunnar Lárusdóttur, verkefnisstjóra afmælisárs Rauða krossins.

Útbreiðsla skyndihjálpar hefur verið eitt af meginverkefnum Rauða krossins á Íslandi frá stofnun félagsins árið 1924 og bjóða allar deildir félagsins upp á skyndihjálparfræðslu.



Afmælisnefnd sem skipuð var fulltrúum deilda og Ungmennaráðs Rauða krossins fannst því við hæfi að tileinka 90. afmælisári Rauða krossins skyndihjálpar. Haft var að leiðarljósi að gefa sem flestum

landsmönnum þekkingu í skyndihjálpar sem afmælisgjöf frá félaginu og auka þannig líkur á að fólk hafi grunnþekkingu á því hvernig hægt er að bjarga mannlífi á neyðarstundu.

Til að marka upphaf afmælisársins var afmælisherferð Rauða krossins hleypt af stokkunum á afmæli félagsins þann 10. desember við hátíðlega athöfn. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, opnaði af því tilefni nýja heimasíðu, skyndihjálpar.is, þar sem mikilvægar upplýsingar um skyndihjálpar koma fram.

Nýtt veggspjald var einnig kynnt í lok árs og

er því einkum ætlað að höfða til yngri kynslóðarinnar. Á veggspjaldinu er seinheppin teiknimyndapersóna í aðalhlutverki sem nýttur aðstoðar vina sinna þegar mikið liggur við. Á veggspjaldinu er einungis fjallað um þau fjögur atriði skyndihjálpar sem lögð er áhersla á vegna afmælisársins, endurlífgun, losun aðskotahlutar úr hálsi, kælingu bruna og stöðvun blæðingar.

## Leiðbeinendur í skyndihjálpar um allt land

Rauði krossinn hefur einnig haft forystu um kennslu í skyndihjálpar og séð til þess að leiðbeinendur séu starfandi í öllum landslutum. Rauða krossinum var jafnframt falið af stjórnvöldum að sjá til þess að eitt námskerfi og sama námsefni væri notað um allt land.

Í apríl var haldið endurmenntunarnámskeiði fyrir leiðbeinendur í skyndihjálpar. Þátttakendur voru um 40 talsins víðs vegar að af landinu. Skyndihjálparráð Íslands, Rauði krossinn og Slysavarnafélagið Landsbjörg stóðu sameiginlega að námskeiðahaldinu en framkvæmd þess var á hendi Slysavarnafélagsins Landsbjargar að þessu sinni.

Skyndihjálparráð gerir kröfu um að allir leiðbeinendur í skyndihjálpar sækji endurmenntunarnámskeiði á 3ja ára fresti og að þeir kenni að minnsta kosti 12 kennslustundir á sama tímabili til að viðhalda réttindum sínum. Boðið var upp á þá nýbreytni að bjóða þeim leiðbeinendum sem misst hafa réttindi sín að taka stöðumatspróf til endurnýjunar. Átta leiðbeinendur þreyttu stöðuprófið.

Í september stóð Rauði krossinn fyrir vikulöngu námskeiði og útskrifaði 26 nýja leiðbeinendur í skyndihjálpar víðs vegar að af landinu sem vonandi verða öflugir í að breiða út skyndihjálparþekkingu á næstu árum. Einnig



Rauði krossinn útskrifaði nýja leiðbeinendur í skyndihjálpar sem munu halda úti fræðslu um allt land.

voru gefnar út nýjar kennsluglærur fyrir leiðbeinendur í skyndihjálpar sem eru vistaðar á heimasíðu Rauða krossins. Þar má finna ýmsar nýjungar og fjölda myndbanda, og þar sem þær eru á rafrænu formi er mögulegt að breyta og bæta við glærurnar eftir því sem við á og koma breytingum án tafar á framfæri við leiðbeinendur.

## Rauði krossinn útskrifar 6500 manns á ári

Rauði krossinn býður upp á bæði lengri og styttri námskeiði í skyndihjálpar fyrir einstaklinga og fyrirtæki úti um allt land. Vinsælust eru fjögurra tíma námskeiði en á þeim er farið yfir viðbrögð við helstu bráðatilfellum, svo sem endurlífgun, stöðvun blæðinga og viðbrögð við of lágum blóðsykri. Þeir sem vilja öðlast dýpri þekkingu og meiri þjálfun geta tekið allt að 12 klukkustunda námskeiði. Það skiptir sköpum að fólk kunnir eitthvað fyrir sér í skyndihjálpar og jafnvel þótt þekkingin risti ekki djúpt geta

þeir sem hafa farið á námskeiði frekar fylgt leiðbeiningum neyðarvarða Neyðarlínunnar 112 á meðan beðið er eftir aðstoð.

Rauði krossinn hélt ríflega 340 skyndihjálparnámskeiði árið 2013. Alls héldu 32 deildir félagsins um 220 námskeiði víða um landið. 196 námskeiði voru haldin fyrir hópa og fyrirtæki á vegum landsskrifstofu Rauða krossins. Heildarfjöldi þátttakenda á námskeiðum félagsins var tæplega 6500



Ungmennir á Norðurlandi á skyndihjálparnámskeiði.

manns. Flest skyndihjálparnámskeiðin, um 260, voru fjögurra klukkustunda, um 95 voru 12 klukkustunda, önnur námskeiði voru átta eða tveggja klukkustunda löng. ■



Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, biskup yfir Íslandi og Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða krossins á Íslandi, við opnunarathöfn nýrrar Neyðarmiðstöðvar.

## Stofnun Neyðarmiðstöðvar á stofndegri Rauða krossins

**Pann 10. desember** opnaði forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, formlega nýja Neyðarmiðstöð Rauða krossins á Íslandi í húsi Rauða krossins. Neyðarmiðstöðinni er ætlað að samhæfa betur neyðarviðbrögð félagsins á tímum áfalla. Þar verða sameinuð undir einum hatti verkefni Rauða krossins í neyðarvörnum, skyndihjálpar, áfallahjálpar og sálrænum stuðningi.

Megináherslur Neyðarmiðstöðvar eru eftirfarandi:

- Öflug samhæfing. Neyðarmiðstöðin samhæfir störf félagsins á neyðartímum, styður við og leiðbeinir stjórnendum í heimabyggð og öðrum lykilaðilum innan félagsins. Lögð er áhersla á að efla sérhæfingu og búnað hjá stærri deildum og þeim deildum sem eru staðsettar á þekktum hamfarasvæðum. Aflið er nýtt þvert á deildamörk ef svo ber undir.
- Vöktun á náttúruvá og öðrum ógnum. Neyðarmiðstöð upplýsir deildir og sérhæfða hópa um stöðu mála hverju sinni.
- Áfallahjálpar. Neyðarmiðstöðin er leiðandi afl í framkvæmd og samhæfingu áfallahjálpar á Íslandi.

- Símsvörun allan sólarhringinn. Neyðarmiðstöð starfrækir upplýsingasíma almanna- varna á neyðartímum. Vaktími Neyðarmiðstöðvar er opinn allan sólarhringinn.
- Þjálfun viðbragðsliðs um allt land með fjölbreyttri þjálfun, allt frá almennri fjölda- hjálparþjálfun upp í sérhæfða stjórnunar-, búnaðar- og áfallahjálparþjálfun. Mikil áhersla er lögð á þátttöku sjálfbodaliða í starfsemi Neyðarmiðstöðvar til að byggja upp þekkingu og reynslu. Fjarnámslausnir eru notaðar við fræðslu þar sem það nýtist en áfram er lögð áhersla á námskeiðahald í héraði til að viðhalda nauðsynlegum tengslum.
- Samskiptabúnaður sem mætir nútímakröfum. Fjórðing var í fullkomnum tækjabúnaði til að tryggja virkni stöðvarinnar þrátt fyrir hugsanleg skakkaföll.

### Samningar og samstarf við ríkið

Við opnun Neyðarmiðstöðvar var einnig undirritað samkomulag sem felur Rauða krossinum samhæfingu áfallahjálpar í skipulagi almanna- varna á Íslandi. Aðrir aðilar að samkomulaginu eru landlæknir, ríkislögreglu-



Samkomulag um að Rauði krossinn sjái um samhæfingu áfallahjálpar í skipulagi almanna- varna á Íslandi var undirritað við opnun Neyðarmiðstöðvar.

stjóri, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landspítalinn og Biskupsstofa.

### Viðbragðsáætlanir

Líkt og mörg undanfarin ár eru alltaf einhverjar flugslysa- og flugverndaráætlanir í endurskoðun á hverju ári. Að þessu sinni var farið í flugslysaáætlanir fyrir Akureyrarflugvöll, Húsavíkflugvöll, Ísafjarðarflugvöll og Þórshafnarflugvöll,

Þá var Rauði krossinn aðili að gerð sérstakra viðbragðsáætlana vegna Herjólfs og annarra farþegaskipa við suðurströndina og hópslysa- áætlana fyrir Snæfellsnes og Borgarfjörð. ■

# Öflug viðbrögð við neyð um allt land

**Neyðarvarnir** eru skylduverkefni allra deilda og eina verkefni Rauða krossins á Íslandi sem bundið er í landslög. Á árinu voru 22 neyðar-útköll skráð. Þau stærstu voru vegna flugslyss á Akureyri um verslunarmannahelgina, tveggja sjóslýsa og skotárásar í Reykjavík.

Þegar flugslysið varð var flugslysaáætlun virkjuð þegar í stað. Þar sýndi sig mikilvægi stöðugrar þjálfunar viðbragðsaðila en flugslysaæfing hafði verið haldin á Akureyri þá um vorið. Fjöldi sjónarvotta varð að flugslysinu sem átti sér stað við akstursípróttasvæði þar sem keppni var í gangi. Fjöldi manns sem var staddur á svæðinu tengdist einnig áhöfn flugvélarinnar fjölskyldu- og vináttuböndum.

Tíu manna áfallateymi Rauða krossins á Norðurlandi hlúði að aðstandendum og sjónarvottum. Um 70 manns leituðu sér aðstoðar í fjöldahjálparstöð sem Rauði krossinn opnaði í Glerárkirkju strax í kjölfar slyssins. Áfallateymi Rauða krossins var einnig til taks í nokkra daga eftir slysið, og voru þeir sem urði vitni að atburðinum hvattir til að sækja sálrænan stuðning til sérfræðinga félagsins. Hjálparsmiði Rauða krossins 1717 var einnig virkjaður og var fólki sem ekki hafði tök á að leita sér hjálpar beint bent á að sækja stuðning sérfræðinga þar.

Viðbragðshópur Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu var kallaður út þegar 12 þýskum skipbrotsmönnum var bjargað af skútu sem sökk suðvestur af Garðsskaga þann 9. ágúst. Skipbrotsmennirnir voru fluttir í húsnæði Rauða krossins að Efstaleiti þar sem sjálfbóðaliðar viðbragðshóps Rauða krossins hlúðu að þeim og veittu áfallahjálpar. Um borð í skútunni voru fimm fullorðnir og sjö börn, það yngsta 11 ára. Rauði krossinn útvegaði hópnum föt og húsaskjól í athvarfinu Vin í nokkra daga. Rauði krossinn vann náð með þýska sendiráðinu á Íslandi við að aðstoða skipbrotsmennina.

Í lok október var svo tekið á móti 11 manna áhöfn sem bjargað var af flutningaskipinu Fernöndu þegar það varð alelda suður af landinu. Skipbrotsmennirnir voru færðir í hús Rauða krossins að Efstaleiti og tók viðbragðs-

hópur Rauða krossins af höfuðborgarsvæðinu á móti þeim til aðhlyningar. Menntirnir voru af mismunandi þjóðerni en allir rússneskumælandi og var túlkur á vegum Rauða krossins þeim til aðstoðar. Rauði krossinn útvegaði þeim einnig fatnað, skóbúnað og hreinlætisvörur, enda náðu þeir ekki að bjarga neinu frá borði og voru föt þeirra og skjólflikur sótt og illa farin.

Viðbragðshópurinn sinnti einnig áfallahjálpar og sálrænum stuðningi þegar sérsveit lögreglunnar var kölluð út í desember vegna manns sem hafði ítrekað hleypt af skotvopni úr íbúð sinni í fjölbýlishúsi í Árbænum. Maðurinn lést í viðureign sinni við lögreglu og var íbúum í fjölbýlishúsinu og nágrenninu boðin aðstoð í safnaðarheimili Árbæjarkirkju.

Deildir um allt land brugðust við ýmsum atburðum í sinni heimabyggð og sinntu áfallahjálpar, meðal annars vegna bruna, alvarlegra slysa eða sjálfsvíga og flugatvika, og fjöldahjálpar vegna slæmrar færðar eða snjóflóðahættu.

Þá fer í vöxt að Rauði krossinn sé beðinn um að sinna áfallahjálpar fyrir erlenda ferðamenn sem lenda í áföllum í skipulögðum ferðum. Rauði krossinn í Grundarfirði var kallaður út um miðjan júní til að sinna 16 farþegum um borð í rútu sem lenti í alvarlegum árekstri við fólksbíl við Lárós. Farþegar í fólksbílnum voru fluttir mikið slasaðir með þyrlu til Reykjavíkur. Deildin opnaði fjöldahjálparstöð í grunnskólanum þar sem hlúð var að farþegum rúttunnar, föt þeirra tekin og þurrkuð og þeim gefin súpa að borða. Þá voru kallaðir læknir og prestur á staðinn til að sinna farþegunum. Þrjú önnur lík tilfelli urðu á árinu við Rauðavatn, á Fjarðarheiði og við Þingvelli, þar sem óskað var eftir aðstoð Rauða krossins til að veita erlendum rútuferþegum áfallahjálpar.

## Námskeið og fræðsla

Stöðuga þjálfun þarf til þess að halda sjálfbóðaliðum í neyðarvörnum virkum. Alls voru 11 fjöldahjálparnámskeið haldin á árinu og þjálfaðir voru 185 nýir fjöldahjálparliðar. Það



Viðbragðshópur Rauða krossins sækir vistir fyrir þýsku skipbrotsmennina í neyðarkerru félagsins.



Sjálfbóðaliðar hlúðu að áhöfn þýsku skátaskútunnar sem sökk suðvestur af Garðsskaga í ágúst.



Skipbrotsmenn af flutningaskipinu Fernöndu, sem varð alelda í stórsjó í lok október, fengu aðhlyningu hjá viðbragðshópi höfuðborgarsvæðisins í húsi Rauða krossins að Efstaleiti 9.

er bæði met hjá Rauða krossinum á Íslandi og mikil fjölgun frá fyrra ári þegar þjálfaður var 131 fjöldahjálparliði. Um 750 sjálfbóðaliðar um allt land eru til taks ef hamfarir eða önnur áföll dynja yfir.

Fjöldahjálparnámskeiðin voru á Akranesi, Akureyri, Blönduósi, Grenivík, Húsavík, Ísafirði, Klaustri, Reykjavík, Sauðárkróki, Stöðvarfirði og Vík. Sú breyting átti sér stað að námskeiðin voru stytta frá fyrra ári. Markmiðið með nýju námskeiðunum er ekki lengur að þjálfa fjöldahjálparstjóra heldur svokallaða fjöldahjálparliða sem eiga að geta starfrækt fjöldahjálparstöðvar til skamms tíma. Með þessari breytingu jókst mjög ásóknin í námskeiðin. Stefnt er að sérstökum stjórnendanámskeiðum á árinu 2014 þangað sem stefnt verður lykilmálum meðal deilda í neyðarvörnum sem á að geta stýrt flóknari aðgerðum. ■



Um 2 milljónir Sýrlendinga hafa flúið til nágrennaríkja sinna og um 4 milljónir eru á vergangi innan landamæra Sýrlands. Neyðaraðgerðir Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Sýrlandi og nágrennaríkjunum eru með þeim flóknustu og viðamestu sem hjálparsamtök hafa komið að í áráraðir.

## Samstaða með Sýrlandi

**Rauði krossinn** á Íslandi varði tæpum 60 milljónum króna til hjálparstarfs í Sýrlandi og vegna flóttamanna þaðan á liðnu ári. Rauði krossinn hefur notið til þess styrkja frá utanríkisráðuneyti og Fatímusjóði, en leitaði einnig stuðnings almennings vegna vaxandi neyðar á svæðinu. Alls fengust 40 milljónir frá utanríkisráðuneytinu, Fatímusjóðurinn styrkti hjálparstarfið um 10 milljónir króna á árinu, auk þess sem almenningur lagði um 5 milljónir af mörkum í söfnunarátaki um haustið.

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi fór harðnandi á árinu 2013. Mannfall jókst mikið og er nú talið að um 120 þúsund manns hafi látið lífið á þeim þremur árum sem borgarastriðið hefur varað. Fjöldi fólks sem flúið hefur til nágrennaríkjanna er nú kominn yfir 2 milljónir. Enn fremur eru yfir 4 milljónir karla, kvenna og barna á vergangi innan landamæra Sýrlands.

Alþjóðaráð Rauða krossins og Rauði hálfmáninn í Sýrlandi sinna þar erfiðu hjálparstarfi við ómanneskjulegar aðstæður. Rauði krossinn á Íslandi styður þær aðgerðir ásamt neyðaraðstoð Alþjóðasambands Rauða krossins til flóttamanna utan Sýrlands. Fjárframlög héðan voru nýtt til að veita flóttafólki í nágrennalöndunum lífsnauðsynlega aðstoð, vatn, heilsugæslu, fæði og skjól, og til að tryggja vatn til þeirra svæða sem verst eru sett innan Sýrlands.

Neyðaraðstoð við fórnarlömb átakanna í Sýrlandi er þó hvergi nærri lokið. Rauði krossinn óttast þær afleiðingar sem langvinn atök munu hafa á íbúa landsins og nágrennaríkja. Sívaxandi straumur flóttamanna frá Sýrlandi kallar á enn frekari aðstoð, og neyðaraðgerðir eru með þeim viðamestu og flóknustu sem hjálparsamtök hafa komið að um áráraðir. Rauði krossinn á Íslandi mun styðja þær aðgerðir áfram.

### Mér er ekki sama

Rauði krossinn á Íslandi nýtti ýmsa viðburði á árinu til þess að vekja athygli á aðstæðum flóttafólks innan og utan Sýrlands. Flóttamannadagurinn 20. júní var helgaður Sýrlandi, og á Menningarnótt reistu sjálfbóðaliðar og starfsfólk Rauða krossins flóttamannaskýli í Fógetagarðinum í Reykjavík til að vekja fólk til umhugsunar um fórnarlömb átakanna í Sýrlandi. Hjálparstarf Rauða krossins í Sýrlandi var kynnt og flóttamenn þaðan komu á staðinn og lýstu aðstæðum í heimalandi sínu.

Öflugt samstarf var með deildum á höfuðborgarsvæðinu til að skapa umræðu og vekja athygli á hjálparstarfi Rauða krossins. Sjálf-



Sjálfbóðaliðar og starfsmenn Rauða krossins stóðu fyrir samstöðu á Lækjartorgi fyrstu vikuna í september undir yfirskriftinni *Mér er ekki sama*.

bóðaliðar og starfsfólk skipulagði samstöðu á Lækjartorgi fyrstu vikuna í september undir yfirskriftinni *Mér er ekki sama*. Einnig var skipulögð Facebook-herferð undir sama slagorði þar sem fólk var beðið um að ljá málstaðnum lið með því að birta á síðum sínum skilaboð um ástandið í Sýrlandi og hugrenningar frá eigin brjósti. Fjöldinn allur af velunnurum Rauða krossins brást við kallinu og studdi herferðina.

Í lok ágúst hóf Rauði krossinn söfnunarátak fyrir sýrlenska flóttamenn sem stóð í sex vikur og lauk með baukasöfnun sjálfbóðaliða fyrstu helgina í október í Kringlunni, Smáralind og miðbæ Reykjavíkur. Lokahnykkur söfnunarinnar var studdur með fjölmörgum herferðum þar sem birtust myndir og fréttir af hjálparstarfi Rauða krossins á Íslandi við sýrlenska flóttamenn í Líbanon.



# Færanlegar sjúkrastöðvar fyrir framlæg Íslendinga



Sýrlensk börn sem hafa leitað hælis með fjölskyldum sínum í Líbanon bíða eftir að fá aðstoð lækna-veitar Rauða krossins.



Félagsfræðingur Rauða krossins í Líbanon ásamt öikumanni færanlegu sjúkrastöðvarinnar.

Með framlagi Fatímusjóðs í september tókst Rauða krossinum á Íslandi að senda fjármagn þegar í stað til að hefja heilsugæsluþjónustu fyrir flóttamenn í samstarfi við Rauða krossinn í Noregi og Líbanon. Í Líbanon búa 3,9 milljónir manna, en um 1 milljón flóttamanna frá Sýrlandi hefur leitað þar hælis. Flóttafólkið hefur lítinn aðgang að heil-



Sýrlensk kona og barn njóta aðstoðar læknis Rauða krossins í Líbanon.

brigðiskerfinu og tókst Rauða krossinum með fjármagni frá Íslandi að hrinda af stað verkefni strax um haustið til að sinna brýnni þörf fyrir heilsugæslu og læknaaðstoð flóttamanna.

Um er að ræða þrjár hreyfanlegar sjúkrastöðvar sem starfræktar eru fyrir framlæg Rauða



Kona og barn við færanlegu sjúkrastöðina sem rekin er fyrir framlæg Rauða krossins á Íslandi og í Noregi.

krossins á Íslandi og í Noregi. Læknar og hjúkrunarfræðingar fara um svæðin á sérútbúnum bíl og veita margvíslega lækniþjónustu, auk þess sem gefinn er sérstakur gaumur að leiðum til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi og ofbeldi gegn börnum sem því miður fylgir oft aðstæðum sem þessum.

## Krúnurökuð höfuð og húðflúr til styrktar Sýrlandi

Nemendur í Menntaskólanum við Hamrahlíð færðu Rauða krossinum 400 þúsund sem söfnuðust í góðgerðarviku skólans á haustönn til styrktar sýrlenskum flóttamönnum. Fjáröfnun nemendanna fólst að miklu leyti í áheita-

söfnun. Formaður nemendafélagsins hét því að fá sér húðflúr með merki nemendafélags MH og Marína Gerða Bjarnadóttir stóð við stóru orðin að láta krúnuraka sig strax eftir að góðgerðarvikunni lauk.



Marín Gerða Bjarnadóttir, nemandi í MH, lét krúnuraka sig til styrktar Sýrlandssöfnun Rauða krossins.



Díana prinsessa meðal fórnarlamba jarðsprengja í Angóla.

## Díana prinsessa leggur Rauða krossinum lið

Rauði krossinn í Reykjavík í Reykjavík efndi til nýstárlegrar fjáröflunar þar sem allur ágóði af sölu bíómiða á frumsýningu myndarinnar um Díönu prinsessu á Íslandi rann til Sýrlandssöfnunarinnar. Myndform, sýningaraðili myndarinnar, gaf Rauða krossinum í Reykjavík frumsýninguna til fjáröflunar fyrir félagið.

Díana prinsessa vann alla tíð mikið fyrir Rauða krossinn í Bretlandi og lagði meðal annars krafta sín til alþjóðlegrar herferðar Rauða krossins í baráttunni gegn jarðsprengjum árið 1997.

Jón Valfells, þáverandi yfirmaður upplýsingadeildar Alþjóða Rauða krossins í Genf, fylgdi Díönu prinsessu í heimsfrægri ferð hennar um Angóla til styrktar þessu málefni. Um er að ræða eina áhrifaríkustu herferð Alþjóða Rauða krossins og segir Jón engan vafa leika á að Díana hafi átt þar stóran þátt í hversu vel tókst til. ■



Fellibylurinn sem gekk yfir Filippseyjar í byrjun nóvember olli gríðarlegu tjóni og grandaði yfir 6.000 manns.

## Versti fellibylur sögunnar gekk yfir Filippseyjar

**Versti fellibylur** sem skjalfærður hefur verið gekk á land á Filippseyjum þann 8. nóvember 2013. Yfir 6.000 manns létu lífið, hátt í 2.000 er enn saknað og hátt í 30.000 manns særðust. Gríðarlegt eignatjón varð og misstu yfir 4 milljónir manna heimili sín. Rauði krossinn á Íslandi studdi hjálparaðgerðir og lagði bæði til fé og mannskap.

Rauði krossinn hófst þegar handa með söfnun vegna hamfaranna og leitað var til deilda um fjárframlög. All söfnuðust um 55 milljónir króna. Fyrirtæki lögðu fram um 24 milljónir, þar af komu 22 milljónir króna frá CCP sem framlag spillara tölvuleiksins Eve Online og utanríkisráðuneytið lagði fram 20 milljónir. Rauði krossinn, almenningur og Félag Filippseyinga Ice-Phil lögðu til 11 milljónir.

Auk fjárframlaga voru sjö sendifulltrúar sendir til hjálparstarfa á Filippseyjum. Tveir tæknimenn og þrír hjúkrunarfræðingar störfuðu við tvö tjaldsjúkrahús Rauða krossins á Samareyju. Þá var sérfræðingur í áfallahjálp fenginn í neyðarsveit Alþjóða Rauða krossins til að skipuleggja sálrænan stuðning vegna hamfaranna, og öryggismálasérfræðingur Alþjóða Rauða krossins, sem hefur lengi starfað fyrir Rauða krossinn á Íslandi, hafði



Hrönn Hákanesson, sendifulltrúi Rauða krossins, sinnir barni í bænum Balangiga á Samareyjum.

yfirumsjón með uppsetningu öryggisferla í neyðaraðgerðunum.

Þörfin fyrir fjármögnun neyðaraðgerða Rauða krossins var mikil. Aðgerðir Rauða krossins beindust í fyrstu að því að sinna brýnustu þörfum íbúa á hamfarasvæðunum með dreifingu matvæla, tryggja þeim aðgang að

hreinu vatni, setja upp neyðarskýli, veita sálrænan stuðning, heilbrigðisþjónustu og sinna leitarþjónustu fyrir þá sem ekki vissu um afdrif ættingja og vina. Rauði krossinn á Íslandi hafði milligöngu um nokkrar slíkar fyrirspurnir og komst ein filippseyisk fjölskylda á Íslandi í samband við ættingja sína á hamfarasvæðinu fyrir tilstilli Rauða krossins.



Aleksandar Knezevic rafvirkir, Magna Björk Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur og Orrí Hauksson verkfræðingur fyrir framan tjaldsjúkrahúsið í Basey á Samareyjum.

Þar sem mikið tjón varð á sjúkrahúsum og heilsugæslum var leitað til neyðarsveita landsfélaga Rauða krossins um að setja upp tjaldsjúkrahús til að mæta þörfum íbúanna á hamfarasvæðinu. Flestir íslensku sendifulltrúanna störfuðu á tveimur tjaldsjúkrahúsum á norður- og austurhluta eyjunnar Samar. Þar gekk fellibylurinn fyrst á land og eyðileggingin var gríðarleg.

Hvergi í heiminum hafa eins margar hamfarir orðið í einu landi eins og á Filippseyjum á þessu ári. Aðeins þremur vikum áður en fellibylurinn gekk yfir skók jarðskjálfti sem mældist 7,2 á Richter sama hérað og olli miklu tjóni. Filippseyski Rauði krossinn er sterkt



Sjálfbóðaliði Rauða krossins á Filippseyjum hlúir að barni í neyðarskýli á hamfarasvæðinu.

landsfélag sem býr yfir miklum mannauði og þekkingu í að bregðast við náttúruhamförum, en mikil þörf var á alþjóðlegu hjálparliði í kjölfar þessara atburða í lok ársins. Ljóst er að uppbyggingarstarf Rauða krossins í kjölfar hamfaranna á síðasta ári mun taka að minnsta kosti tvö ár. Rauði krossinn á Filippseyjum og heimamenn hafa nú tekið við allri heilbrigðisþjónustu af alþjóðlegu neyðarsveitunum. ■



Elín Jónasdóttir sálfræðingur var í matssteymi Alþjóða Rauða krossins og skipulagði sálrænan stuðning og áfallahjálp fyrir sjálfbóðaliða og starfsfólk Rauða krossins.



Fyrirtækið CCP afhenti Rauða krossinum ávísun sem samsvaraði 22 milljónum íslenskra króna sem framlag frá spilurum netleiksins Eve Online.

## Stærsta framlag fyrirtækis til hjálparstarfs Rauða krossins

Forsvarsmenn fyrirtækisins CCP afhentu Rauða krossinum 22 milljóna króna framlag frá spilurum tölvuleiksins Eve Online með mikilli viðhöfn við opnun nýrrar Neyðarmiðstöðvar félagsins þann 10. desember. Þetta er stærsti styrkur sem Rauði krossinn hefur

nokkru sinni hlotið frá einu fyrirtæki. Framlag CCP var nýtt til hjálparstarfs Rauða krossins vegna hamfaranna á Filippseyjum og mun einnig nýtast í uppbyggingarstarfi á næsta ári. ■



Jón Guðbjartsson, stjórnarformaður í Kampa, færir Hrefnu Magnúsdóttur, formanni Rauða krossins á Ísafirði, framlag fyrirtækisins.

## Kampi á Ísafirði styrkti hjálparstarf á Filippseyjum

Rækjuvinnslan Kampi ehf. færði Rauða krossinum á Ísafirði 700 þúsund króna framlag til hjálparstarfa á Filippseyjum. Fjölmarginir starfsmenn rækjuvinnslunnar eiga ættir sínar að rekja til Filippseyja og vildu

eigendur Kampa heiðra starfsfólk sitt og aðra íbúa Vestfjarða sem koma frá Filippseyjum með þessu framlagi. Rauði krossinn varð fyrir valinu að vel athuguðu máli og í samráði við starfsfólkið. ■

# Mikilvægur stuðningur í Malaví

**Rauði krossinn** á Íslandi hefur stutt systurfélag sitt í Malaví um langt árabil, mestmegnis á sviði lýðheilsu. Vinadeildasamstarf hefur verið við nokkrar deildir, m.a. í Mangochi-héraði þar sem Rauði krossinn styrkir nú umfangsmikið heilsueflingarverkefni. Sendifulltrúar Rauða krossins hafa verið í landinu undanfarin ár og veitt stuðning og ráðgjöf um heilbrigðismál, matvæladreifingu og verkefnisstjórnun.

Í ársbyrjun 2013 hófst nýtt þriggja ára verkefni í afskekktum og vanþróuðum hreppi í Chowe-sýslu, suður af Malaví-vatni, þar sem búa um 70.000 manns. Verkefnið er aðferðafræði sem Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans hefur þróað á undanförunum árum og áratugum og er í raun útvíkkuð skyndihjálp.

Undanfari verkefnisins var ítarlegt stöðumat í desember 2011. Það sýndi fram á margháttuð heilbrigðisvandamál á svæðinu:

Undanfari verkefnisins var ítarlegt stöðumat í desember 2011. Það sýndi fram á margháttuð heilbrigðisvandamál á svæðinu:

- Takmörkuð heilbrigðisþjónusta – ein heilsgæslustöð sem vantar starfsfólk og lyf.
- Takmarkaður aðgangur að hreinu vatni – ónýtar borholur.
- Næringarskortur – matarskortur, vanþekking.
- Vaxandi fjöldi munaðarlausra barna vegna eyðnifaraldurs. Lítil stuðningur við fjölskyldur sem taka börnin til sín.
- Fáfræði veldur vaxandi tíðni sjúkdóma sem hægt væri að komast hjá – HIV/AIDS, malaría, niðurgangspestir.

Tekist er á við alla þessa þætti með íhlutunum til að draga úr mæðra- og barnadauda; fækka dauðsföllum af völdum malaríu; bæta aðgengi að hreinu vatni og kenna betri hreinlætishætti; fækka HIV-nýsmitum með áróðri við skólabörn og fjölskyldur þeirra og með því að styrkja innviði Rauða krossins í Malaví og efla skilvirkni stjórnar og reksturs.



Þessi gamla kona þarf ekki lengur að ganga marga kílómetra til að sækja vatn eftir að Rauði krossinn setti upp nýja brunna í þorpum í Mangochi-héraði.

Meginmarkmið verkefnisins í Mangochi er að bæta til frambúðar heilbrigðisástand 9.000 fjölskyldna (70% íbúanna) fyrir árslok 2015. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður um 115 milljónir króna. 70% fjármunanna koma frá stjórnvöldum í gegnum Þróunarsamvinnustofnun Íslands, 30% er eigið framlag Rauða krossins á Íslandi.

Rauði krossinn á Íslandi hóf einnig samstarf við Vífilfell um að fjármagna gerð vatnsbrunna í Mangochi-héraði. Samkvæmt samkomulaginu gefa neytendur um þrjú lítra af hreinu vatni í Malaví fyrir hverja flösku sem keypt er af Toppi. Gert er ráð fyrir að Vífilfell leggi til um 7,5 milljónir króna á þriggja ára tímabili. Byrjað var á að bora eftir vatni við sjö grunnskóla á svæðinu þar sem fólk hafði áður haft takmarkaðan aðgang að hreinu vatni. Sá verk-

efnishluti gjörbreytti þegar í stað lífi þúsunda manna á svæðinu.

Verkinu er stjórnað af malavíska RK með stuðningi Rauða krossins á Íslandi. Í héraðshöfuðstaðnum Mangochi situr verkefnisstjóri á svæðinu sem annast daglega stjórn og hefur sér til liðs einn aðstoðarmann á skrifstofu. Stefnt er að því að bæta við aðstoðarverkefnisstjóra í Mangochi á næstu vikum enda er verkefnið of umfangsmikið fyrir einn mann. Á verkefnissvæðinu sjálfu eru svo líðlega 100 sérstaklega þjálfaðir sjálfbóðaliðar sem annast verklega vinnu, fræðslu og þjálfun heimamanna, auk tuga sjálfbóðaliða í skólum og nokkurra tuga kvenna í mæðra- og ömmuklúbbum sem styðja við börn er eiga undir högg að sækja.



Selma Emilsdóttir og Alexia Ómarsdóttir héldu gamaldags tombólu við Bónus í Stykkishólmi í sumar og færðu Rauða krossinum ágóðann. Með þeim á myndinni er Verónika vinkona þeirra.

Undir lok árs 2013 fékkst afar kærkominn stuðningur frá tombólubörnum sem eru yngstu sjálfbóðaliðar Rauða krossins. Fjármunir sem íslenskir tombólukrakkar höfðu safnað voru notaðir til að kaupa leikföng í grunnskólana átta á svæðinu, skólabúninga handa börnum sem búa við örbirgð og sápu auk þess sem ávaxtatrjáam var plantað við grunnskólana á svæðinu.

Fjárframlög deilda nýttust einnig vel til að auka við aðstoð á nokkrum sviðum. Framlag Hafnarfjarðardeildar var notað til að kaupa



Það ríkti mikil gleði á vígsluhátíð sjö nýrra brunna í Mangochi-héraði. Verkefnið nýtur stuðnings neytenda Topps vatnsdrykkja á Íslandi.

moskítónet fyrir um 200 heimili, aðstoða kvenfanga í héraðsfangelsinu í Mangochi og leggja heilsugæslustöðinni í Chowe til peninga til að geta loks komið rafmagni í fæðingardeild sína. Framlag frá Héraðs- og Borgarfjarðardeildum var notað til að kaupa

moskítónet fyrir 500 heimili og framlag deilda á Norðurlandi eystra kostar námskeið í skyndihjálpi fyrir deildina í Mangochi á þessu ári og næsta. ■

## Rauði krossinn opnar athvarf fyrir fólk með geðraskanir í Minsk

**Þann 10. október**, á alþjóðadegi geðheilbrigðis, opnaði Rauði krossinn í Hvíta-Rússlandi athvarf fyrir fólk með geðraskanir. Starfsemi þess er byggð að fyrirmynd Vinjar og annarra athvarfa Rauða krossins hér á landi.

Verkefnið nýtur stuðnings Rauða krossins á Íslandi og utanríkisráðuneytis samkvæmt þriggja ára samningi sem undirritaður var á síðasta ári. Áætlað er að kostnaður nemi um 20 milljónum króna á ári. Af þeirri upphæð koma 14 milljónir frá utanríkisráðuneytinu en 6 milljónir frá Rauða krossinum á Íslandi.

Með þessu verkefni er verið að flytja út þekkingu sem myndast hefur í athvörfum Rauða krossins fyrir fólk með geðraskanir, en 20

Olga Dorogun, sálfræðingur Rauða krossins í Hvíta-Rússlandi, Nína Helgadóttir, verkefnisstjóri Rauða krossins á Íslandi, Viktor Kolbanov, framkvæmdastjóri Rauða krossins í Hvíta-Rússlandi, og Nadya Kosik, forstöðukona nýja athvarfsins, með gjafir frá gestum vinaathvarfanna Lækjar og Vinar, málverk eftir Smára Smith Eiríksson úr Þjórsárdal og og málverk eftir Guðmund Björgvinsson af Gróttuvita.



ár eru liðin frá því að Vin, fyrsta athvarfið á Íslandi, tók til starfa. Þetta er fyrsta athvarfsinvar tegundar í Hvíta-Rússlandi og eru miklar vonir bundnar við að það verði til að bæta aðstæður fólks með geðraskanir í landinu líkt og varð raunin hér á landi.

Gert er ráð fyrir því að minnst 40 manns muni sækja athvarfið reglulega, auk þess sem minnst 300 manns með geðsjúkdóma sem enn eru í meðferð muni sækja einhverja þjónustu þar eða njóta góðs af heimsóknþjónustu Rauða krossins. Þá fá aðstandendur geðfatlaðra fræðslu um geðsjúkdóma og réttindi geðsjúkra.

Sendinefnd frá Rauða krossinum í Hvíta-Rússlandi kom til Íslands síðastliðið vor til

að kynna sér starfsemi athvarfanna héraðs og önnur úrræði. Vitað er um 50.000 einstaklinga með geðsjúkdóma í Hvíta-Rússlandi og eru um 5% þeirra inni á geðdeildum. Af hinum 95% eru mjög margir sem hafa verið yfirgefnir af fjölskyldu og eiga við mikla félagslega einangrun að stríða.

Auk athvarfsins er mikið lagt upp úr fræðslu og að opna umræðuna um geðraskanir og aðstæður geðsjúkra til að vinna gegn fordómum í þeirra garð og ekki síst meðal geðsjúkra sjálfra. Markmið verkefnisins er einmitt að rjúfa félagslega einangrun og draga úr endurinnlögnum á geðdeildir, líkt og reynslan hefur orðið hér á landi. ■

# Sendifulltrúar Rauða krossins á Íslandi árið 2013

Á árinu 2015 fóru 15 sendifulltrúar til starfa á erlendum vettvangi fyrir Rauða krossinn á Íslandi og störfuðu að 17 verkefnum í alls 76,8 mannmánuði.

Samanburðartafla 2008–2012 yfir fjölda útsendra sendifulltrúa á einu ári

Ár	Fjöldi sendifulltrúa	Fjöldi verkefna	Mannmánuðir
2013	15	17	63,25
2012	15	17	76,5
2011	12	13	86,5
2010*	37	43	125
2009	22	21	93
2008	11	12	74

\* Í upphafi árs 2010 reið jarðskjálfti yfir Haítí sem olli mikilli eyðileggingu í landinu og margir slösduðust eða veiktust í kjölfarið og þurftu á aðhlyningu að halda.

**Flest** tímabundin verkefni sem sendifulltrúar Rauða krossins á Íslandi störfuðu að voru á heilbrigðisviði eða níu verkefni í alls 21 mannmánuð. Verkefni á sviði fjármála og stjórnunar voru fjögur talsins í 19,25 mannmánuði. Verkefni er lutu að uppbyggingu og þróun landsfélaga voru tvö talsins í rúmlega tíu mannmánuði, eitt verkefni var á sviði upplýsinga- og kynningarmála í einn mannmánuð og eitt verkefni sem flokkast sem uppbygging og þróun.

## Fjölbreytt verkefni víða um heim

Alls unnu níu sendifulltrúar að verkefnum á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans í 37 mannmánuði. Einn sendifulltrúi sinnti verkefnum á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins í sex mannmánuði en fjórir sendifulltrúa störfuðu í samvinnu að verkefni Alþjóðaráðsins og ERU-teyma norska og finnska rauða krossins og mældist sú vinna samtals 63,25 mannmánuðir. Einungis þrjár sendifulltrúar sinntu tvíhliða verkefnum Rauða krossins á Íslandi og samstarfsfélaga á vettvangi í samtals 13 mannmánuði.

Fjórir af 15 sendifulltrúum voru í sinni fyrstu starfsferð á vegum Rauða kross Íslands. Hlutfall milli kynja sendifulltrúa var þannig að níu konur sinntu níu verkefnum og voru að störfum í 29,75 mannmánuði en sjö karlar unnu að átta verkefnum í 3,5 mannmánuði.

## Alþjóðleg námskeið fyrir verðandi sendifulltrúa

Tveir sendifulltrúar sóttu ERU-námskeið hjá norska rauða krossinum í júní og einn hjúkrunarfræðingur sótti námskeið í færanglegri heilsugæslu hjá finnska rauða krossinum.

Einn aðili sótti grunnnámskeið fyrir verðandi sendifulltrúa hjá Rauða krossinum í Noregi.

**Aleksandar Knezevic rafvirki** fór til Filippseyja í lok nóvember 2013 í kjölfar hamfaranna þegar fellibylur reið yfir landið. Hann starfaði sem tækni- maður á sjúkrahúsi í Basey á eyjunni Samar sem rekið var af Alþjóðaráði Rauða krossins í samvinnu við Rauða krossinn í Noregi.



**Áslaug Arnoldsdóttir hjúkrunarfræðingur** fór til Úsbekistan í mars 2013 þar sem hún starfaði á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) fram í júní 2013 en hélt síðan aftur til starfa í ágúst og starfaði til loka árs. Starf Áslaugar fólst í uppbyggingu nýrra heilbrigðisverkefna í Mið-Asíu, nánar tiltekið í Úsbekistan, Kasakstan, Taijkistan og Túkmenistan. Einnig sá Áslaug um að stýra dreifingu hjálpargagna á sjúkrahúsi á landamærum Taijkistan og Afganistan.



**Birna Halldórsdóttir mannfræðingur** fór til starfa í Gambíu í byrjun júní 2012. Þar leiddi Birna starf Alþjóða Rauða krossins (IFRC) fram á vor 2013. Neyðarástoðin fól í sér dreifingu á útsæði og matvælum til þeirra rúmlega 8.000 fjölskyldna sem mest þurftu á hjálp að halda og uppbyggingu á matjurtargörðum. Rauði krossinn á Íslandi var helsti styrktaraðili verkefnisins.



**Elín Jónasdóttir sálfræðingur** var á Filippseyjum í tvær vikur í desember. Hún vann við skipulagningu áfallahjálpar og sálræns stuðnings vegna hamfaranna. Elín setti upp ferli



til að aðstoða starfsfólk og sjálfbóðaliða Rauða krossins, sem vinna við mjög erfiðar aðstæður, til að vinna úr þeim áföllum sem mæta þeim í starfi.

**Guðbjörg Sveinsdóttir geðhjúkrunarfræðingur** fór í stutta ferð í byrjun árs til Hvíta-



Rússlands á vegum Rauða krossins á Íslandi til að meta ástand geðheilbrigðismála í landinu fyrir væntanlega aðstoð Rauða krossins við verkefni til stuðnings geðfötluðum í landinu.

**Hlér Guðjónsson** var við störf í Vestur-



Afríkuríkinu Côte D'Ivoire (Fílabeinsströndinni) frá ágúst til nóvember 2013. Hann var á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins við stofnun kóleruvarnarverkefna í fjórum löndum

Vestur-Afríku þar sem oft hafa brotist út alvarlegir faraldrar á undanförunum árum. Með viðbragðsáætlunum, neyðarbúnaði og þjálfun sjálfbóðaliða Rauða krossins í þessum löndum er vonast til að jafnvel megi koma í veg fyrir alvarlega kólerufaraldrar í þessum heimshluta í framtíðinni. Hlér var fenginn í þetta verkefni í kjölfar umfangsmikilla viðbragða Rauða krossins við kólerufaraldrinum í Síerra Leóne 2012 en Hlér stýrði einnig því verkefni fram til mars 2013.

**Hlín Baldvinsdóttir rekstrarfræðingur** starfaði fram í september sem fjármálastjóri dreifingar moskítóneta víðs vegar í Afríku fyrir Alþjóðasamband Rauða krossins. Verkefnið miðaði að því að hefta útbreiðslu



malaríu í álfunni. Starf Hlínar er að fullu greitt af Alþjóðasambandinu. Í lok árs hóf Hlín undirbúning við stýringu á nýju kóleruverkefni.

#### Hrönn Hakansson hjúkrunarfræðingur



fór í byrjun desember til starfa við tjaldsjúkrahús í kjölfar fellibylsins á Filippseyjum. Hrönn var staðsett í Balangiga sem er í suðausturhluta Samareyju á Filippseyjum. Hún

vann í heilbrigðisverkefni sem rekið var af Alþjóðaráði Rauða krossins í samvinnu við finnska Rauða krossinn. Meginverkefni Hrannar voru á sviði heilbrigðisþjónustu við nýbura og mæður þeirra. Þetta var fyrsta verkefni Hrannar sem sendifulltrúi Rauða krossins.

#### Magna Björk Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur



starfaði á svæðisskrifstofu Alþjóða Rauða krossins í Naíróbí í Kenýa fram í júní 2013. Magna vann að því að samhæfa aðgerðir Alþjóðasambandsins á heilbrigðissviðinu í kjölfar far-

sóttu og hamfara í löndum Afríku.

Síðar á árinu fór Magna til Filippseyja þar sem hún starfaði við tjaldsjúkrahús Rauða krossins

í Noregi og Alþjóðaráðs Rauða krossins á Samareyjum sem yfirhjúkrunarfræðingur.

#### Orri Gunnarsson verkfræðingur



fór til Filippseyja þann 18. nóvember og var einn afyrstu alþjóðlegu hjálparstarfsmannanna á vettvang eftir fellibylinn á Filippseyjum. Orri var í hópi neyðarsveitar sem setti upp færanlega heilbrigðisþjónustu á eyjunni Samar, en það var samstarfsverkefni Rauða krossins í Noregi og Alþjóðaráðs Rauða krossins. Þetta var fyrsta neyðarverkefni hans fyrir Rauða krossinn á Íslandi.

#### Ómar Valdimarsson verkefnisráðgjafi



Malaví í byrjun árs 2013 og vann að nýju heilsueflingarverkefni í samstarfi við Rauða krossinn í Malaví. Verkefnið snýr að heilsuvernd og skyndihjálpi í Mangochi-héraði við Malaví-vatn og er stuðningur við 9.000 fjölskyldur (um 50.000 manns) sem njóta lítillar heilbrigðisþjónustu og hafa takmarkaðan aðgang að vatni og hreinlætisaðstöðu.

**Sigríður Þormar hjúkrunarfræðingur** og heilsusálfræðingur fór á vegum þekkingarseturs Rauða krossins í sálrænum stuðningi til Malaví. Þar kenndi hún á fjölbjóðlegu



vettvangsnámskeiði fyrir sjálfboðaliða og starfsfólk Rauða krossins í Malaví en á námskeiðinu var sjónum beint að verkefnum á sviði heilsuverndar og skyndihjálpar fyrir íbúa í nærsamfélaginu.

#### Sigurður Jónsson kerfisfræðingur og ráðgjafi



á upplýsingatækni sviði fór í sína fyrstu vettvangsferð til Vestur-Afríkukisins Sierra Leóne í apríl 2013 þar sem hann vann að bættari upplýsingatækni hjá landsfélaginu. Verkefnið snerist um að finna lausnir á sviði upplýsingatækni sem henta aðstæðum, endurnýja tækjabúnað og efla þekkingu.

#### Þór Daníelsson viðskiptafræðingur



meistaragráðu í þróunarfræðum tók við stöðu yfirmanns svæðisskrifstofu Alþjóðasambands Rauða kross félaga í Ulan Bator í Mongólíu í febrúar 2013. Þór starfaði í Mongólíu einnig árin 2006–2008.

## Kristjóns Þorkelssonar minnst

**Kristjón Þorkelsson**, sendifulltrúi Rauða krossins á Íslandi, varð bráðkvaddur í Sierra Leóne í janúar 2013. Kristjón var við störf fyrir Rauða krossinn í Sierra Leóne þar sem hann vann að neyðaraðgerðum vegna kólerufaraldurs.

Kristjón var pípulagningarmeistari og starfaði sem sérfræðingur í vatns- og hreinlætismálum fyrir Rauða krossinn á Íslandi og Alþjóða Rauða krossinn. Hann hóf störf með Rauða krossinum árið 1991 þegar hann var ráðinn við vatnsveitugerð í Írak. Ári seinna hélt hann aftur til Íraks sem sérfræðingur í vatns- og hreinlætismálum við byggingu sjúkrahúsa. Árið 2003 var hann svo aftur fenginn til Íraks til að vinna að enduruppbyggingu sjúkrahúsa þar vegna sérþekkingar sinnar.

Árin 2004–2006 vann Kristjón að vatnsveituverkefnum í Darfur í Súdan og í Eþíópíu. Árið 2009 fór hann til Síurlands þar sem hann starfaði með alþjóðlegum neyðarhópi sem sérfræðingur í vatns- og hreinlætismálum vegna kólerufaraldurs. Kristjón var fenginn til að stýra vatns- og hreinlætisverkefnum fyrir Alþjóða Rauða krossinn eftir jarðskjálftann mikla á Haítí árið 2010 og nýttist þekking hans sérlega vel þegar kólera kom þar upp nokkrum mánuðum síðar.


Kristjón lét sér ekki nægja að starfa með Rauða krossinum í alþjóðlegum neyðaraðgerðum. Hann var virkur sjálfboðaliði í innanlandsstarfi félagsins milli verkefna erlendis og var mikilsmetinn félagi í skyndihjálparhópi Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu.



Kristjón Þorkelsson við tjaldbúðir Alþjóða Rauða krossins eftir jarðskjálftann mikla á Haítí árið 2010.

Rauði krossinn þakkar Kristjóni mikilvæg mannúðarstörf í þágu Rauða kross hreyfingarinnar síðastliðna tvo áratugi. ■





Til minningar um

---

hefur Rauða krossinum verið færð gjöf.  
Með innilegri samúð

---

---

## Minningarkort Rauða krossins

Sendið samúðarkveðju í  
minningu um kærkomin vin  
og/eða ættingja

Hægt er að nálgast kortin með því að hringja  
í síma **5704000** eða fara á **raudikrossinn.is**



LANDSSKRIFSTOFA  
EFSTALEITI 9  
103 REYKJAVÍK  
SÍMI 570 4000  
CENTRAL@REDCROSS.IS  
WWW.RAUDIKROSSINN.IS